

Fundargerð 22. vinnufundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Mánudagur 7. október 2014
Fundartími: 17:00- 19:45
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Auk þeirra undir lið 1:
Heimir Rafn Bjarkason, fulltrúi JÁverk
Jóna Björg Jónsdóttir, leikskólastjóri
Rúnar Magnússon, umsjónarmaður fasteigna

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

Dagskrá:

1. Framkvæmdir við leikskólann Krakkaborg.

Í upphafi fundar var farin skoðunarferð um nýbygginguna. Heimir Rafn fór yfir stöðu mála við framkvæmdirnar. Verkið gengur samkvæmt áætlun miðað við þann samning sem upphaflega var undirritaður. Farið yfir hugmyndir að viðbót sem felur í sér frágang á bílskúr sem hugsaður er sem vagnageymsla. Heimir hefur sent inn hugmyndir að verðum í þær viðbætur. Þær hljóða upp á 1.800 þús. með vsk. miðað við verklok án utanhússklæðningar en 2,2 millj. með utanhússklæðningu sambærilegri þeirri sem er á leikskólanum sjálfum.

Innréttingar hafa verið grófteiknaðar og óskað hefur verið eftir tilboðum frá nokkrum aðilum. Í teikningum er gert ráð fyrir spónlagðri eik, en plasthúðuðu efni í hillur. Von er á svörum fyrir kl. 11.00 fimmtudaginn 9. okt. Heimir Rafn fer af fundinum.

Rætt um frágang á lóðinni næst húsinu, palla og hellulögn. Jóna Björg hefur skilað hugmyndum starfsmanna leikskólans til hönnuðar varðandi það.

Rætt um borð og stóla og hversu miklu þarf að bæta við af þeim. Lögð er áhersla á að nýta allt sem hægt er að nýta af húsgögnum sem til eru nú þegar. Leikskólasstjóri hefur gert verðkannanir varðandi gardínur og klemmuvarnir. Umsjónarmaður fasteigna og leikskólastjóri fóru af fundinum.

Vagnageymsla:

Sveitarstjórn leggur til að samið verði við JÁ verk um frágang á bílskúrnum m.v. tilboð með utanhússklæðningu, auk nauðsynlegrar raflagnavinnu.

Leikskólalóðin:

Sveitarstjórn leggur til að hönnuði verði falið að gera grófan uppdrátt af frágangi næst húsinu, hellur/pallar í samræmi við reglugerðir um frágang leikskólalóða.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Samræming á lagnateikningum.

Ljúka þarf ákvarðantöku um frágang á raflögnum sbr. minnispunkta frá Heimi.

Sveitarstjórn leggur til að umsjónarmanni fasteigna í samráði við leikskólastjóra verði falið að fara yfir minnispunktana með verkefnisstjórna Jáverk og taka ákvörðun um hvaða lögnum þurfi að breyta. Sveitarstjóra falið að vera í samráði við þau um kostnaðarþáttinn. Samþykkt með 5 atkvæðum.

Þar sem bygging leikskólans er á lokastigi hefur sveitarstjórn ákveðið að sveitarstjórn sveitarstjóri, leikskólastjóri og umsjónarmaður fasteigna, ljúki þeim verkþáttum sem eftir eru. Vinnuhópi um byggingu leikskólans eru þökkuð vel unnin störf við undirbúning og ákvarðanatöku vegna leikskólabyggingarinnar. Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Samningur um talþjálfun leikskóla- og grunnskólabarna í Flóahreppi.

Lagður fram samningur við Hólmsfríði Árnadóttur talmeinafræðing um talþjálfun barna með framburðarfrávik og/eða málþroskaröskun leik- og grunnskólabarna í Flóahreppi. Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum fyrirbyggjandi samning og felur og sveitarstjóra að undirrita hann.

3. Samningur um sérfræðiþjónustu talmeinafræðings við Flóahrepps

Lagður fram samningur um sérfræðiþjónustu talmeinafræðings. Aðilar samnings eru Anna Stefanía Vignisdóttir sem tekur að sér sem verktaki greiningar, ráðgjöf og íhlutun barna úr Flóahreppi og Flóahreppur. Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum, fyrirbyggjandi samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:45

Árni Eiríksson, oddviti (sign)

Svanhvít Hermanndóttir (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri (sign)